

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson á Lambastöðum, á af öllum kærnum og kröfum stefndu, bæjarstjórnar Reykjavíkur, í máli þessu sýkn að vera.

Í málskostnað fyrir báðum rjettum borgi bæjarstjórn Reykjavíkur áfrýjandanum 30—þrjátíu—krónur, sem greiðist honum innan 8 vikna frá dóms þessa lögbirtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvembermánaðar.

Nr. 8/1891:

Rjettvísinn

gegn

Stefáni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, sem upp var kveðinn 17. jan. þ. á., var hinn ákærði, Stefán Ólafsson á Kotleysu þar í sýslu, dæmdur eptir 250. gr. hinna almennu hegningarlaga í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu og af varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til síra Ólafs Sæmundssonar 5 kr.

Þessum dómi hefur eptir beiðni ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með því hin upphaflegu próf í málinu þóttu mjög óljós, heimtaði yfirdómurinn nánari og frekari skýringar í málinu. Samkvæmt þeim skýringum, sem nú eru fengnar í málinu, og framburði ákærða, sem í öllu verulegu verður að fara eptir, þar sem hann ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu,

eru málsatvik þessi: Þegar ákærði, vorið 1890, markaði lömb sín, sem voru 30 að tölu, mismarkaðist eitt lambið þannig, að eyrnávíxl varð á markinu, að minnsta kosti yfirmarkinu. Þegar hann að kvöldi dags var búinn að marka lömbin, ljét hann þau inn, en um morguninn, er þau voru látin út, tók hann eptir því, að eitt lambið hafði, eins og áður segir, mismarkast, og hafði hann orð á því við svein þann, Pál Bárðarson, er hjelt lömbunum, meðan ákærði markaði þau, og hefur Páll staðfest framburð ákærða um mismörkun lambsins með eidi. Ákærði hafði í hyggju að laga markið síðar, en ærin strauk með lambið og kom ekki fram fyr en í rjettum um haustið. Í Grjótlækjarrjett dró ákærði lamb, er hann hjelt vera mismarkaða lambið, og var það rekið heim til hans, gekk saman við fje hans í 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> mánuð, og síðan markaði hann það sínu marki. Þótt hann nú væri sannfærður um, að þetta lamb væri hans eign, þá samt spurði hann bónda einn í nágrenninu, er hann hafði heyrt, að ætti líkt mark og á lambinu var, hvort hann mundi geta átt það, en bóndinn kvað nei við, því hann hefði heimt öll lömb sín. En seinna um veturinn var álitid, að Jón nokkur Guðmundsson mundi eiga lambið, af því að mark það, er á lambinu hafði verið, mundi hafa verið hans mark, enda þóttist Jón eiga og jafnvel þekkja lambið á svipnum, en hefur þó ekki þorað að helga sjer lambið.

Með því nú sá framburður ákærða, að hann hafi haldið, að hann ætti lambið, bæði þegar hann dró það í rjettinni og þegar hann markaði sjer það, ekki verður vefengdur, og engin sönnun hins vegar er fengin fyrir því, að svo hafi ekki verið, eða að Jón Guðmundsson hafi átt lambið, verður að sýkna hinn ákærða af



ákæru sóknarans í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða fyrir undirdómi, Ólafs prests Sæmundssonar, 5 kr., og málflytningislaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, á eptir atvikum að greiðast af almannafje. Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta- laus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Stefán Ólafsson á af ákæru sóknar- ans í þessu máli sýkn að vera. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsvarn- arlaun til talsmanns ákærða í hjerði, Ólafs prests Sæmundssonar, og málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflytningismannanna Hannesar Hafstein og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 10/1891:

Jón Jónsson

gegn

Guttormi Vigfússyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, fyrverandi skólastjóri á búnaðarskólanum á Eyðum, Guttormur Vigfússon, gegn áfrýjandanum, Jóni bónda Jónssyni á Sleðbrjót, út af meiðandi ummælum um stjórn hans á skólabúinu á Eyðum í blaðagreinum, er áfrýjandi ritaði í blaðið »Austra«, 4. árg., 3., 8. og 16. tölublað. Málið var dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 8. sept. f. á. á þá